

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyarsýslum



Forsíðumyndin



Íris Grímsdóttir og Sæunn Kristjánsdóttir sem sigruðu í Piparkökuhúsakeppni Borgarhóls-skóla í síðustu viku prýða forsíðuna. Þær voru að sjálfsögðu brosandir út að eyrum þegar þær tóku við verðlaununum enda húsið glæsilegt hjá þeim.

Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson.



Það urðu fagnadarsýningar á Kongens Nytorv í Kaupmannahöfn þegar fulltrúar Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis rákuast á Ingimund Jónsson og Arnheiði Eggertsdóttir frá Húsavík sem voru þar í fríu. Eins og fram kemur á öðrum stað í blaðinu voru fulltrúar Verkalýðsfélagsins í náms- og kynnisferð í Kaupmannahöfn.

Sjómenn

Aðalfundur Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis verður haldinn fimmtudaginn 27. desember kl. 16:00.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Mikilvægt er að sjómenn sjái sér fært að mæta á fundinn. Í lok fundar verður boðið upp á hefðbundnar veitingar. Sjómenn stöndum vörð um okkar hagsmunamál.

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis



Munið að gera upp félagsgjaldið!

Munið að gera upp félagsgjaldið! Þeir sem ekki hafa náð að greiða lágmarksfélagsgjaldið fyrir árið 2007 er bent á að gera það fyrir 15. febrúar n.k. ætli þeir að viðhalda réttindum í stéttarfélaginu. Lágmarksgjaldið er kr. 7.000. Ekki eru sendir út gíróseðlar fyrir

þeim hluta sem upp á vantar að félagsgjaldið hafi verið gert upp. Félagsmenn þurfa því að huga að sínum málum, það er að þeir séu ekki að tapa réttindum. Ef eitthvað er óljóst endilega hafið samband við Skrifstofu stéttarfélaganna.

Ritsafnið

Fyrir neðan bakka og ofan, er til sölu á Skrifstofu stéttarfélaganna á sérstöku tilboðsverði kr. 3000,-. Um er að ræða þrjú vönduð bindi í veglegri öskju. Fjöl margar myndir prýða bindin og hefur ritverkið fengið frábæra dóma gagnrýnenda. Nú fer hver að verða síðastur að eignast þetta einstaka ritsafni.

ÉG HEF næstum því

ALLAN TÍMANN Í

HEIMINUM

FYRIR ÞIG

Við lögum okkur að þínum þörfum

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálaframtaki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þessir viðskiptavinir okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

Sparisjóður Suður-Húsavíkinga | Fjarðar | Reykjavík | Húsavík | Kópavogi | Sími 464 6200

SPARISJÓÐUR
SUDUR HÚSAVÍKINGA

Málþing um vald, lýðræði og virka samfélagsþjónustu

Málþing um vald, lýðræði og virka samfélagsþjónustu

Fyrir hálfum mánuði var haldið málþing um vald, lýðræði og virka samfélagsþátttöku í Norræna húsinu í Reykjavík. Meðal frummælenda voru John Steen Johansen, ritsjóri DEMOS í Danmörku, Ólafur Páll Jónsson heimspekingur frá Kennaraháskóla Íslands og

Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis. Að sögn Aðalsteins var gaman og fræðandi að taka þátt í málþinginu. Þess má geta að formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis er reglulega beðin um að taka þátt í fundum eða málþingum enda þekktur fyrir að hafa skoðanir á flestum hlutum.



Fulltrúar stéttarfélaganna komu við á leikskólanum Grænvöllum á Húsavík í síðustu viku. Þar var mikið líf og fjör í nýjum og glæsilegum leikskóla. Hér er Agnes Arnadóttir starfsmaður með eina unga stúlku sem var nýbúin að borða og atlaði að fara að leika sér. Hægt er að sjá fleiri myndir úr heimsókninni á heimasíðu stéttarfélaganna www.vb.is.



Silla, Hlíf og Anna S. Helgadóttir eru þungt hugsi yfir matargerðinni. Þær sáu um að matreiða fyrir um 100 gesti sem tóku þátt í reglulegu þingi Alþýðusambands Norðurlands sem haldið var á Illugastöðum í lok september.



Það er ekki nóg með að Sigrún Hríngadóttir og Guðrún Jóna Svavarsdóttir eldi góðan mat heldur eru þær síbrosandi eins og sjá má. Sigrún og Guðrún Jóna starfa í mótuneytinu í Kröfllu og tóku vel á móti fulltrúa Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis þegar bann fundaði með starfsmönnum Jarðborana þar um daginn.

Jólaþakveðja!

Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verslunarmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Þingið

Skóla- og námskeiðsstyrkir

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum styrkja fullgilda félagsmenn sem sækja námskeið eða stunda nám með vinnu. Vinsamlegast leitið upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Frábær heimsókn til Danmerkur

Frábær heimsókn til Danmerkur Fulltrúar frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis dvöldu á eigin vegum í nokkra daga í Danmörku um miðjan október. Tilgangur ferðarinnar var að heimsækja verkalýðshreyfinguna og skylda aðila í Kaupmannahöfn og fræðast um réttindi og starfsumherfi verkafólks. Fundað var með forsvarsmönnum NNF í Danmörku sem eru samtök verkafólks í matvælaíðnaði í Danmörku. Fjallað var um réttindi og skyldur verkafólks í Danmörku, atvinnuleysisbótakerfið og starfsmenntun verkafólks. Þá urðu töluverðar umræður um samanburð milli landanna í þessum efnun.

Höfuðstöðvar Norrænu ráðherra-nefndarinnar í Kaupmannahöfn voru einnig heimsóttar og þar fengu gestirnir veglegar

móttökur og kynningu á starfsemi ráðherranefndarinnar. Halldór Ásgrímsson formaður nefndarinnar gat ekki tekið á móti hópnunum en staðgengill hans gerði það með miklum ágætum. Þá var fulltrúum VHN boðið í heimsókn í svínasláturhús sem slátrar um 58 þúsund svinum á viku og telst vera eitt stærsta sláturhúsið í Danmörku. Hjá fyrirtækinu starfa um 1100 manns eða svipað margir og eru á vinnumarkaði á Húsavík.

Svarar Gestsson sendiherra Íslands í Danmörku tók á móti hópnunum og fór yfir starfsemi sendiráðsins og sagði m.a. að um 10 þúsund Íslendingar væru búsettir í Danmörku, flestir þeirra væru þar við nám. Ferðin var mjög fróðleg fyrir fulltrúa VHN sem fengu höfðinglegar móttökur hjá frændum vorum í Danmörku.



Talsmenn Norrænu ráðherranefndarinnar gerðu grein fyrir starfsemi nefndarinnar og þeim málum sem þeir vinna að og snerta sjávarútvegsmál og vinnumarkaðsmál á Norðurlöndunum.



12 fulltrúar frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis fóru á eigin vegum til Kaupmannahafnar í síðustu viku til að kynna sér vinnumarkaðsmál í Danmörku. Ferðin tókst í alla stadi mjög vel.



Fulltrúum VHN var boðið í svínasláturhús sem slátrar um 58 þúsund svinum á viku og er eitt stærsta sláturhús í Danmörku. Eins og sjá má var flaggað fyrir Íslendingunum þegar þeir komu í heimsókn.



Svarar Gestsson sendiherra tók vel á móti gestunum frá Íslandi og gerði þeim grein fyrir starfsemi sendiráðsins.



Hér má sjá fulltrúa NNF sem komu að heimsókn Íslendingana. Fulltrúar Verkalýðsfélagsins færdi þeim að gjöf glerlistaverk eftir Þórunni Kristjáns sem er félagsmaður í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis. Þeir tóku gladdir við gjöfinni og þökkðu vel fyrir sig.

Skólastjórnendur!

Starfsmenn stéttarfélaganna eru ávalt tilbúnir að heimsækja skólana með fræðslu um atvinnulífið og hlutverk stéttarféлага. Fræðslan er ætluð nemendum skólanna. Ef áhugi er fyrir hendi, vinsamlegast hafið þá samband við Skrifstofu stéttarfélaganna.

Ályktun um atvinnumál

Í kjölfar uppsagna á starfsmönnum Sniðla í Mývatnssveit og GPG-Fiskverkunar á Raufarhöfn tók stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalyðsfélags Húsavíkur og nágrennis málið fyrir á fundi í félaginu. Uppsagnirnar hafa þegar komið til framkvæmda. Miklar áhyggjur komu fram á fundinum með stöðu mála og eftir miklar umræður var eftirfarandi ályktun samþykkt:

“Verkalyðsfélag Húsavíkur og nágrennis harmar þær uppsagnir er komið hafa til framkvæmda á síðustu dögum á Raufarhöfn og í Mývatnssveit sem koma mjög illa við starfsmenn fyrirtækjanna. Um er að ræða nærri 20 starfsmenn sem starfa hjá GPG-Fiskverkun og Sniðlum sem nú er í eigu Kaupfélags Héraðsbúa.

Ljóst er að þetta er töluvert áfall fyrir byggðirnar ekki síst í ljósi þess að bæði Raufarhöfn og eins Mývatnssveit hafa orðið fyrir miklum áföllum í atvinnumálum á síðustu árum. Lokun Kísiliðjunnar í Mývatnssveit, lokun loðnubræðslunnar á Raufarhöfn og tilflutningur á veiðiheimildum Jökuls úr byggðalaginu höfðu slæmar afleiðingar fyrir sveitarfélögin og tengda starfsemi.

Þrátt fyrir loforð stjórnvalda á sínum tíma um sértækar aðgerðir í atvinnumálum á svæðinu vegna lokunar Kísiliðjunnar og atvinnuástandsins á Raufarhöfn

hefur lítið orðið um efndir. Verkalyðsfélagið krefst þess að stjórnvöld standi við gefin loforð og marki auk þess skýra stefnu í byggða- og atvinnumálum sem geri fólki kleift að búa utan höfuðborgarsvæðisins.

Þá bendir félagið á að uppsagnir nærri 10 starfsmanna í fiskvinnslu GPG á Raufarhöfn má rekja beint til niðurskurðar stjórnvalda á veiðiheimildum á núverandi fiskveiðiári. Fiskvinnslufólk víða um land býr nú við minnsta atvinnuöryggi sem það hefur búið við síðan fiskveiðistjórnunarkerfið var tekið upp í kringum 1980. Kerfinu var ætlað að tryggja vöxt fiskistofnanna við strendur landsins sem því miður hefur brugðist algjörlega. Sú staðreynd að fiskvinnslufólk hefur aldrei búið við lakara starfsöryggi eru slæm meðmæli með núverandi fiskveiðistjórnun og kallar því á algjöra uppstokkun í stjórnun fiskveiða.

Þá er ekki annað hægt en að gagnrýna boðaðar mótvægisáðgerðir stjórnvalda vegna skertra veiðiheimilda. Fyrir liggur að þær munu ekki gagnast sjómönnum og fiskvinnslufólki sem fara hvað verst út úr skerðingunum. Það er ábyrgðarhluti að rústa atvinnuöryggi fólks án þess að grípa til aðgerða sem gagnast þeim hópum sem sjá fram á erfiða tíma og lítið starfsöryggi á komandi mánuðum.”

Allir velkomnir í jólaboðið

Stéttarfélögin verða með opið hús í sal stéttarfélaganna frá kl. 14:00 til 19:00 laugardaginn 15. desember. Gestum verður boðið upp á kaffiveitingar, söng og

tónlistaratriði. Þá hafa jólasveinarnir boðað komu sína ef veður leyfir. Þingeyingar látið endilega sjá ykkur og upplifum jólastemninguna saman á aðventu.



Samningaviðræður í gangi

Kjaraviðræður Starfsgreinasambands Íslands (SGS) og Samtaka atvinnulífsins (SA) munu halda áfram fram að júlum enda kjarasamningar lausir um næstu áramót. Í þessari viku verður fjallað um sérmál fiskvinnslufólks, ræstingarfólks, bílstjóra, iðnverkfólks og starfsfólks í sláturhúsum. Aðalsteinn Á.

Waldrússon tekur þátt í þessum umræðum fyrir hönd Verkalyðsfélags Húsavíkur og nágrennis. Þá er Snæbjörn Sigurðarson í samninganefnd Landssambands ísl. verslunarmanna. Landssambandið mun funda um sín sérmál með fulltrúum atvinnulífsins á næstu dögum. Fundartími hefur ekki verið ákveðinn.



Hér má sjá fulltrúa SGS, þau Aðalstein, Onnu, Vilhjálmi og Fjölu ræða við fulltrúa SA síðasta miðvikudag um málefni fiskvinnslufólks, þá Arnar og Jón Rúnar. Fundurinn fór fram í Karphúsinu.

Vetraropnun

Skrifstofa stéttarfélaganna er opin alla virka daga milli 8 og 17. Opið er í hádeginu



Mynd: Síðasti reglulegi fundur stjórnar og trúnaðarmannaráðs Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis fór fram síðasta laugardag. Í lok fundar var fundargestum boðið upp á norðlenskt hangikjöt af þingeyiskum heidum sem þeir kunnu vel að meta. Að sjálfsögðu var slegið á létta strengi enda árið verið farsælt í starfi félagsins. Nægir þar að nefna könnun Capacent Gallup sem framkvæmd var fyrr á árinu. Samkvæmt þenni nýttur Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis mestrar virðingar meðal félagsmanna aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands. Þá hefur félagið verið með lægsta félagsgjaldið sé miðað við sambærileg stéttarfélag á Norðurlandi innan SGS.

Félagsfundur

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis boðar til félagsfundar laugardaginn 15. desember kl. 11:00 í fundarsal félagsins.

Dagskrá:

1. Staða kjaraviðræðna við Samtök atvinnulífsins
2. Sameining félagsins við Verslunarmannafélag Húsavíkur
3. Önnur mál

Félagar! Lítum aðeins upp úr jólaundirbúningum og ræðum kjaramál og sameiningarmál. Vonandi sjáumst við sem flest á fundinum.

Stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis

Níu útskrifast úr Landnemaskólanum

Síðasta fimmtudag útskrifuðust 9 nemar úr Landnemaskólanum. Um er að ræða 120 stunda nám sem nemendurnir hafa stundað í vetur á vegum Þekkingarseturs Pingeyinga. Kennsla hefur farið fram í húsnæði setursins og í félagsaðstöðu stéttarfélaganna sem eru samstarfsaðilar Þekkingarsetursins í málefnum

innflytjenda. Tilgangur skólans er að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Lögð er sérstök áhersla á íslenskt talmál og nytsama samfélagsfræði. Í tilefni af útskriftinni síðasta fimmtudag bauð Verkalýðsfélagið nemendum og kennurum í hátíðarkaffi.



Stoltir útskriftarnemar ásamt kennurum, þeim Snabirni Selmu og Anitu.

Kröfugerð SGS lögð fram



Ljóst er að verkafólk hefur miklar væntingar varðandi hækkun launa í næstu kjarasamningum.

Viðræðunefnd Starfsgreinasambands Íslands (SGS) lagði fram kröfur sínar á fundi með Samtökum atvinnulífsins í síðustu viku. Verkalýðsfélag Þórshafnar og Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis eru innan Starfsgreinasambandsins. Gert er ráð fyrir að laun hækki almennt um 4% 1. janúar n.k. og svo aftur um 4% 1. janúar 2009. Þá er þess krafist að allir launataxtar SGS hækki þann 1. janúar n.k. um kr. 20.000 og aftur um kr. 15.000 þann 1. janúar 2009. Þetta er sérstök aðgerð til að hækka lægstu launin sérstaklega. Lagt er til að lágmarks tekjutrygging í dagvinnu hækki úr kr. 125.000 í kr. 150.000 þann 1. janúar 2008. Önnur


hækkun komi svo 1. janúar 2009 þannig að lágmarks tekjutryggingin verði þá orðin kr. 165.000. Eins og fram hefur komið er hún kr. 125.000 í dag. Einnig er gert ráð fyrir aðkomu ríkisvaldsins að kjarasamningunum með aðgerðum í velferðar- og skattamálum í þágu þeirra sem hafa lág laun og miðlungslaun. Samkvæmt kröfugerðinni er gert ráð fyrir að samið verði til tveggja ára með skýrum forsenduákvæðum, þannig að mögulegt verði að segja upp launaliðum samningsins eftir eitt ár. Félagsmenn Verkalýðsfélagsins geta fengið kröfugerðina á skrifstofu félagsins á Húsavík, vilji þeir kynna sér hana frekar.



Óskum öllum íbúum
Norðurlþings

*gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári*

Starfsfólk Norðurlþings



Skemmtileg samkeppni í Borgarhólsskóla

Síðasta föstudag fór fram spennandi samkeppni í Borgarhólsskóla á Húsavík. Nemendur í 8. bekk, 9. bekk og 10. bekk skólans bókkuðu piparkökuhús sem voru til sýnis í skólanum á föstudag. Sérstök dómnefnd var fengin til að velja fallegustu húsin. Það er eftir nemendur í hverjum bekk og síðan var valið fallegasta húsið.

Keppnin var mjög jöfn og átti dómnefnd mjög erfitt með að skera úr um hvað hús væru fallegust. Niðurstaðan varð sú að Anna Jónína og Hafþór Mar sigrúðu í 8.

bekk, Gunnar og Inga Ósk urðu hlutskörpust í 9. bekk og Íris og Sæunn í 10. bekk. Hús þeirra var einnig valið fallegasta húsið, en það má sjá á forsiðu Fréttabréfsins. Sigurvegarnir fengu veglegar gjafir frá skólanum. Formaður Verkalyðsfélags Húsavíkur og nágrennis var fenginn til að dæma í keppninni þrátt fyrir að hann sé ekki beint þekktur fyrir sína matargerð. Hægt er að sjá fleiri myndir frá keppninni á heimasíðu stéttarfélaganna www.vh.is.



Skýldum við mega borða þetta hús?



Töluverður fjöldi nemenda og foreldra skoðaði piparkökuhúsin sem tóku þátt í samkeppni um fallegasta húsið í Borgarhólsskóla á Húsavík.

Dagbækur

Félagsmenn geta nálgast minnisbækur/dagbækur fyrir árið 2008 á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta pantað hana og fengið hana til sín í pósti.

Minnisbókinni er að venju dreift ókeypis til félagsmanna.

Kristbjörg tekur við formennsku í AN

Þing Alþýðusambands Norðurlands var haldið á Illugastöðum í lok september. Rúmlega 100 fulltrúar frá flestum stéttarfélögum á Norðurlandi sátu þingið. Þar af komu 12 fulltrúar frá stéttarfélagunum í Pingeysýslum. Þingið tókst með miklum ágætum. Auk venjulegra þingstarfa var haldið upp á 60 ára afmæli sambandsins. Kristbjörg Sigurðardóttir varaformaður Verkalyðsfélags Húsavíkur og nágrennis var kosin formaður

Alþýðusambands Norðurlands. Aðrir í stjórn eru Matthildur Sigurjónsdóttir frá Einingu-löju og Þórarinn Sveinsson frá Öldunni stéttarfélagi í Skagafirði. Með formennsku Kristbjargar flyst starfsemi sambandsins til Húsavíkur, það er á Skrifstofu stéttarfélaganna. Það fer vel á því að Kristbjörg skuli nú gegna formennsku í Alþýðusambandi Norðurlands enda mikil baráttukona.



Kristbjörg Sigurðardóttir formaður AN er hér ásamt forseta ÁST Grétari Þorsteinssyni. Með formennsku Kristbjargar flyst starfsemi sambandsins til Húsavíkur.

Þingiðn fundar um kjaramál



Fréttabréfið spurði Jónas formann Þingiðnar frekar út í kröfur félagsins. – „Fyrir okkur sem störfum utan höfuðborgarsvæðisins eru það tættabækkanirnar sem skipta mestu máli. Eins og menn vita er gríðarlegur munur á þeim launum sem okkur eru boðin og þeim sem starfsbróður okkar fá á suðreturborninu. Ég vil líka leggja áherslu á bækkun skattleysismarka.“

Þingiðn fundar um kjaramál. Formaður Samiðnar Finnbjörn A. Hermannsson var gestur á félagsfundi Þingiðnar um kjaramál. Þingiðn boðaði til fundarins þar sem kjarasamningur félagsmanna er laus um næstu áramót.

Góð mæting var á fundinn og greinilegt að þingeyskir iðnaðarmenn hafa sterkar skoðanir á því hvaða áherslur þeir vilja sjá í komandi viðræðum. Formaður Þingiðnar Jónas Kristjánsson setti fundinn og að því loknu tók Finnbjörn við og fór yfir þá vinnu sem þegar hefur farið fram í

aðdraganda viðræðna við Samtök atvinnulífsins. Þingiðnarmenn komu svo sínum áherslum á framfæri við Finnbjörn og þar bar hæst sú krafa að laun iðnaðarmanna yrðu hækkuð, sérstaklega þegar lítið er til þess að iðnaðarmenn á höfuðborgarsvæðinu eru mun betur launaðir en kollegar þeirra á landsbyggðinni.

Að loknum fundi sagði Finnbjörn að það væri alltaf gaman að funda með Þingiðn, þar lægju menn ekki á skoðunum sínum og umræður alltaf fjörugar.

Skylda að gera ráðningarsamninga



Ráðningarsamningur

Rétt er að vekja athygli á skyldu fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga að gera ráðningarsamninga við starfsmenn. Í flestum tilvikum á því að vera lokið á fyrstu tveimur mánuðunum eftir að starfsmaðurinn hóf störf. Stéttarfélagin munu gera sérstakt átak í byrjun næsta árs sem byggir á því að fylgjast með því að atvinnurekendur

standi við gerða kjarasamninga og geri ráðningarsamninga við starfsmenn. Hægt er að nálgast ráðningareyðublöð á Skrifstofu stéttarfélaganna. Jafnframt eru starfsmenn sem ekki hafa nú þegar ráðningarsamning við sinn atvinnurekenda hvattir til að óska eftir honum nú þegar.

Erna Jóna og Arnar Vilberg í heimsókn



Erna Jóna og Arnar Vilberg nemendur Framhaldsskólans á Húsavík litu við á Skrifstofu stéttarfélaganna og lögðu nokkrar lauffléttar spurningar fyrir formann Verkalýðsfélagsins. Þau hafa verið að vinna að verkefni sem tengist ferðapjónustu á svæðinu. Þau

spurðu um fjölda þeirra sem vinna við ferðamannaiðnað í Norðurþingi. Hverra/r þjóðar starfsfólkið væri helst, Hvort ferðamannaiðnaðurinn væri vaxandi atvinnugrein á Húsavík og að endingu hvernig störf í ferðapjónustu væru launuð.

Desemberuppbót

Desemberuppbót árið 2007 er almennt eins og hér segir:

Starfsmenn sveitarfélaga: kr. 61.520

Ríkisstarfsmenn í Starfsmannafélagi Húsavíkur kr. 45.500

Ríkisstarfsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis kr. 41.800

Aðrir félagsmenn Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis kr. 41.800

Ríkisstarfsmenn í Verkalýðsfélagi Þórshafnar kr. 41.800

Aðrir félagsmenn Verkalýðsfélags Þórshafnar kr. 41.800

Félagmenn í Verslunarmannafélagi Húsavíkur kr. 47.400

Félagsmenn í Þingið kr. 41.800

Ofanritað miðast við fullt starf frá 1. janúar til 30. nóvember 2007. Þeir sem verið hafa í hlutastarfi eða unnið lengur en í 12 vikur á árinu eiga rétt á hlutfallslegri desemberuppbót. Þá er rétt að geta þess að desemberuppbótin hjá starfsmönnum ríkisins og starfsmönnum sveitarfélaga getur verið hærra en hér kemur fram, eða allt að 50% af launum. Það á við um þá starfsmenn sem voru við störf áður en desemberuppbótin tók breytingum til lækunar fyrir nokkrum árum. Ef eitthvað er óljóst endilega hafið þá samband við Skrifstofu stéttarfélaganna, ekki síst, þar sem útfærslan á desemberuppbótinni/persónuuppbótinni er ólík milli kjarasamninga.

Stofnanasamningur STH og HÞ undirritaður

Samstarfsnefnd Starfsmannafélags Húsavíkur og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga skrifaði nýlega undir nýjan stofnanasamning á milli aðila. Samningnum er ætlað að útfæra tiltekna þætti kjarasamningsins STH við ríkið með það að markmiði að launakerfi HÞ verði sveigjanlegra og skilvirkara. Þá er gert ráð fyrir að samningurinn taki í auknum mæli mið af þörfum og verkefnum stofnunarinnar og starfsþróun

starfsmanna og tryggji þeim þannig laun eins og gerist annars staðar fyrir sambærileg störf. Fulltrúar STH í nefndinni eru Aðalbjörg Sigurðardóttir og Guðrún Guðbjartsdóttir f.h. starfsmanna, Jón Helgi Björnsson og Regína Sigurðardóttir f.h. stofnunarinnar og Snæbjörn Sigurðarson og Stefán Stefánsson f.h. Starfsmannafélags Húsavíkur.



Aðalbjörg, Guðrún og Snæbjörn fulltrúar STH



Sumarhús við Öxarfjörð

Það er hvergi betra að slappa af og njóta fegurðarinnar en í orlofshúsi Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis í Öxarfirði. Húsið er í Dranghólaskógi sem er rétt fyrir ofan Grunnskólann í Lundi. Félagsmenn geta fengið húsið leigt í vetur. Leitið upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Laugafiskur í blóma

Laugafiskur í blóma

Meðfylgjandi myndir eru teknar af nokkrum starfsmönnum Laugafisks í Reykjadal. Þar hafa staðið yfir

miklar framkvæmdir á síðustu árum sem miðað hafa að því að auka framleiðslugetu fyrirtækisins og starfsumhverfi starfsmanna.



Félagsfundur hjá VMH

Verslunarmannafélag Húsavíkur boðar til félagsfundar fimmtudaginn 27. desember klukkan 19:00 í sal félagsins að Garðarsbraut 26.

DAGSKRÁ:

1. Kjaramál
2. Sameiningarmál
3. Önnur mál

Félagsmenn í VMH eru hvattir til að mæta á fundinn.

Stjórn Verslunarmannafélags Húsavíkur

10 Ungverjar ganga í VHN

10 Ungverjar ganga í VHN

Nýlega sóttu 10 Ungverjar sem starfa hjá Jarðborunum eftir inngöngu í Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis. Þeir eiga það sameiginlegt að starfa nú við jarðboranir á Kröflusvæðinu. Beiðnir þeirra um inngöngu í VHN voru að sjálfsögðu samþykktar. Ungverjarnir hafa starfað við jarðboranir ásamt hópi Íslendinga bæði hér heima á Íslandi og eins erlendis. Formaður VHN fundaði nýlega með þeim ásamt fulltrúum Jarðborana. Við það tækifæri var gengið formlega

frá ráðningarsamningum við starfsmennina. Þá má geta þess að fyrirtækið hefur gengið frá samningi við alla starfsmenn fyrirtækisins sem felur m.a. í sér nýja launaflokkaröðun og nýtt vaktakerfi sem tekur gildi á næstu vikum. Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis hefur átt gott samstarf við fyrirtækið og sífellt fleiri félagsmenn hafa bæst í hóp starfsmanna Jarðboranna eftir því sem starfsemi fyrirtækisins hefur aukist á Íslandi. Um 30 félagsmenn VHN starfa nú hjá fyrirtækinu og fer fjölgandi.



Formaður VHN fundaði ásamt fulltrúum Jarðborana með ungverskum starfsmönnum sem starfa við jarðboranir á Kröflusvæðinu. Fundurinn fór fram í Kröflu. Tálkur á fundinum var Mícael Þórðarson sem er Ungverji sem lengi hefur búið á Húsavík.



Eftir fundinn var gengið frá ráðningarsamningum við starfsmenn sem tryggja þeim íslensk launakjör.


Niðurstöður úr launakönnun Þingiðnar

Þingið stóð á dögnum fyrir launakönnun meðal félaga sinna, m.a. til þess að bera saman launakjör iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum við önnur landsvæði. Svarhlutfall í könnuninni var 48,6% og dreifðist svörunin nokkuð jafnt á milli einstakra greina.

Helstu niðurstöður eru þær að meðaldagvinnulaun iðnaðarmanna á svæðinu eru kr. 1.307,88 og fyrir yfirvinnu voru greiddar kr. 2.273,28 á tímann að meðaltali. Aðrar greiðslur voru að meðaltali kr. 138,72 á tímann í dagvinnu en þær voru eingöngu hjá trésmiðum. Sennilega er í flestum tilvikum um að ræða verkfæragjald að hluta.

Málmiðnaðarmenn voru að meðaltali með lægstu launin eða kr. 1.215,50 á tímann í dagvinnu og kr. 2.188,00 í yfirvinnu. Bifvélavirkjar voru hins vegar með hæstu launin eða kr. 1.356,88 í dagvinnu og kr. 2.411,69 í yfirvinnu. Hins vegar fá trésmiðir hæstu dagvinnulaunin ef tekið er tillit til fastra aukagreiðslna eða kr. 1.445,72 á tímann að meðaltali.

Niðurstöður könnunarinnar hafa verið sendar félagsmönnum og munu einnig rata inn á borð Samiðnar sem hluti af upplýsingaöflun við undirbúning komandi kjarasamninga.



Samningaviðræður í gangi

Um næstu áramót eru kjarasamningar lausir hjá almennum félagsmönnum Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis. Það á þó ekki við um kjarasamninga þeirra félagsmanna sem starfa hjá ríkinu og sveitarfélögum. Þá eru kjarasamningar Verslunarmannafélags Húsavíkur og Þingiðnar einnig lausir um

áramótin. Verkalýðshreyfingin á nú í viðræðum við Samtök atvinnulífsins um nýja kjarasamninga. Samningsaðilar stefna að því að ljúka viðræðum í lok desember. Þegar Fréttabréfið fór í prentun voru hins vegar taldar litlar líkur á því að það tækist þar sem viðræður ganga mjög hægt um þessar mundir enda ber mikið á milli samningsaðila.

Atvinnuhúsnæði til leigu!

Stéttarfélagin auglýsa til leigu 64m2 húsnæði að Garðarsbraut 26 sem er í suðurenda hússins. Húsnæðið hentar mjög vel undir allskonar starfsemi og er laust nú þegar. Áhugsamir hafi samband við Aðalstein Á. Baldursson.

Guðrún kveður Laugafisk eftir 25 ára starf



Guðrún kveður Laugafisk eftir 25 ára starf

Heiðurskonan Guðrún Ágústa Ólafsdóttir sem starfað hefur hjá Laugafiski í Reykjadal í um 25 ár lét nýlega af störfum eftir langt og farsælt starf. Að sögn Guðrúnar hefur henni líkað mjög vel að vinna hjá fyrirtækinu enda átt samleið með góðu samstarfsfólki og yfirmönnum. Þá sagði hún ánægjulegt að sjá hvað starfsemi fyrirtækisins hefði eflist á þeim 25 árum sem hún hefði starfað hjá fyrirtækinu. Aðstaða og vinnuumhverfi starfsmanna væri nú allt annað og betra en var í upphafi. Í tilefni að því að Guðrún var að láta af störfum bauð hún samstarfsfólki upp á veitingar með kaffinu síðasta

starfsdaginn. Við það tækifæri færðu starfsmenn henni blómvönd um leið og þeir þökkðu henni samstarfið í gegnum tíðina sem þeir rómuðu. Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis heiðraði hana einnig með nærveru sinni og færði henni blómvönd og ritsafn Verkalýðsfélags Húsavíkur sem er í þremur bindum. Hann þakkaði henni fyrir ánægjulegt samstarf og störf hennar í þágu félagsins og starfsmanna en Guðrún var um tíma trúnaðarmaður starfsmanna og sat auk þess í trúnaðarmannaráði Verkalýðsfélagsins. Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis óskar Guðrúnu velfarnaðar á komandi árum.

Norðursigling hlýtur nýsköpunarverðlaun SAF



Hvalaskoðunarfyrirtækið Norðursigling á Húsavík hlaut á dögnum Nýsköpunarverðlaun SAF- Samtaka ferðapjónustunnar. Norðursigling hlýtur verðlaunin m.a. fyrir sterka stjórn, skýra sýn og fórnúst starf við uppbyggingu ferðapjónustu á landsbyggðinni.

Stéttarfélagin óska Norðursiglingu til hamingju með verðlaunin og telur að fyrirtækið sé vel að þeim komið fyrir störf sín enda byggt upp öflugt atvinnulíf á Húsavík undanfarin ár. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SAF www.saf.is

Gefðu jólagnjöt

sem vex og vex og vex ...

Framtíðarreikningur Glitnis
– fyrir káta krakka með stóra drauma

- Bestu vextir sparireikninga bankans
- Verðtryggður reikningur
- Auðvelt og þægilegt að spara reglulega
- Bundinn þar til barnið verður 18 ára



Gefðu inneign á Framtíðarreikning Glitnis og fáðu fallega Latabæjarderhúfu í Latabæjaröskju í kaupbæti.*

Framtíðarreikning færðu í næsta útibúi Glitnis. Það er líka sárafjálfrítt að ganga frá málinu á www.glitnir.is og fá glaðninginn sendan beint heim.



GLITNIR

* Ef keypt er fyrir 3.000 kr. eða meira. á meðan birgðir endast.